



FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík  
sími 545 9200 bréfasími 545 9299  
postur@fjr.is  
fjr.is

*Fréttatilkynning*

14.8.2014

Ríkisreikningur 2013

Uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 2013 hefur nú verið birt og ríkisreikningur sendur Alþingi.

Afkoma ársins 2013 er mun betri en ráð var fyrir gert. Tekjujöfnuður var neikvæður um 732 m.kr. en í fjárukalögum ársins 2013 var gert ráð fyrir tekjuhalla að upphæð 19,7 ma.kr. Ríkisreikningur fyrir árið 2012 skilaði tekjuhalla að upphæð 35,8 ma.kr. Tekjurnar árið 2013 voru 31,7 ma.kr. hærrí en gert var ráð fyrir og gjöldin 12,8 milljörðum króna hærrí. Frumjöfnuður ársins er jákvæður um 57,2 ma.kr. en gert var ráð fyrir að hann yrði jákvæður um rúma 36 milljarða króna. Þessi frávik frá áætlunum skýrast að stórum hluta af óreglulegum liðum þar sem munar mest um 24,9 ma.kr. tekjufærslu vegna virðisaukningar á eignarhluta ríkissjóðs í Landsbankanum hf. og 11,9 ma.kr. hærrí afskriftir skattkrafna en gert hafði verið ráð fyrir. Á árinu 2013 var lánsfjárpörf upp á 1,7% af vergri landsframleiðslu samanborið við 3,6% lánsfjárpörf á árinu 2012. Þessari lánsfjárpörf var mætt á árinu 2013 með því að ganga á handbært fé sem lækkaði um 79 ma.kr. á árinu. Greiðslustaða ríkissjóðs er þó enn sterk með handbært fé að upphæð 404 milljarða króna í árslok.

**Með fyrstu ríkjum til að staðfesta ríkisreikning rafrænt**

Í ár urðu þau nýmæli að ríkisreikningur var undirritaður rafrænt en Ísland er í hópi fyrstu ríkja til þess að staðfesta ríkisreikning með þeim hætti. „Þetta er stórt skref í rafrænni stjórnsýslu og í takt við nútímann, þar sem fólk er á ferð og flugi,“ segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.

Fjármála- og efnahagsráðherra, fjársýslustjóri og ríkisendurskoðandi staðfestu ríkisreikning með rafrænum undirritunum og nýttu til þess rafræn skilríki. Á næstu árum er stefnt að því að stórauka veg rafrænna skilríkja hér á landi og að þau verði meginauðkenningarleið fólks vegna ýmiss konar rafrænnar þjónustu og viðskipta á netinu.

Ísland er fyrsta landið sem nýtir rafrænar undirskriftir við undirritun ársreikninga, en undanfarin þrjú ár hafa einkafyrirtæki undirritað ársreikninga með rafrænum hætti. Þá hafa endurskoðendur notað rafræn skilríki í samskiptum við ríkisskattstjóra og tollstjóra um alllangt skeið.

Hagræðið sem fæst með því að skrifa undir ársreikning eða önnur gögn með rafrænum hætti er óumdeilt. Það hefur í för með sér tímasparnað og varðveisla gagna er alfarið tryggð.

„Með rafrænni undirritun ríkisreiknings hefur stjórnvísland tekið skref í átt til framtíðar. Rafræn undirritun sparar bæði pappír og fyrirhöfn. Handhafar rafrænna skilríkja geta skrifað undir með þeim hvar sem þeir eru staddir í heiminum,“ benti fjármálaráðherra á þegar reikningurinn var kynntur blaðamönnum í dag.

### **Ríkisreikningur.is**

Ennfremur opnaði ráðherra á fundinum nýjan vef á vegum Fjársýslu ríkisins, ríkisreikningur.is, sem ætlað er að veita gott aðgengi að ríkisreikningi hvers árs. Á vefnum er að finna sundurliðun á tekjum og gjöldum ríkisins frá árinu 2004.

Gögnin er hægt að skoða á margvíslegan hátt. Þar er að finna almenn yfirlit en einnig hægt að kafa dýpra og fá upplýsingar niður á kostnaðartegundarlykil.

Vefurinn gefur fólki tækifæri á að bera saman ýmis útgjöld á vegum ríkisins, t.d. eftir stofnunum og árum með aðgengilegri hætti en verið hefur.

„Ég fagna þessu skrefi í átt til greiðara aðgengis almennings að fjárhagsupplýsingum ríkisins, þetta eykur gegnsæi og traust og gefur fólki færi á að sjá hvernig útgjöld ríkisins hafa þróast,“ sagði Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.

Ríkisreikninginn í heild sinni með þeim sundurliðunum og skýringum sem honum fylgja má finna á vef Fjársýslu ríkisins

(<http://www.fjs.is/media/rikisreikningur/Rikisreikningur-arid-2013.-Heildaryfirlit---Rafræn-undirritun.pdf>)

## Yfirlit 1. Fjármál ríkissjóðs 2013 og 2012

Í millj. kr.	Fjárlög/		Frávik		Fjárlög/ 2013	Reikningur 2012
	Reikningur 2013	Fjárukalög 2013	Fjárhæð	%		
Tekjur samtals	591.435	559.693	31.742	5,7	579.374	525.876
Gjöld samtals	592.167	579.392	12.775	2,2	583.028	561.721
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>-732</b>	<b>-19.700</b>	<b>18.967</b>	<b>.</b>	<b>-3.654</b>	<b>-35.845</b>
<b>Frumjöfnuður</b>	<b>57.212</b>	<b>36.085</b>	<b>21.127</b>	<b>.</b>	<b>60.241</b>	<b>18.011</b>
<b>Lánsfjárfgangur/ lánsfjárför, nettó (+/-)</b>	<b>-30.364</b>	<b>-48.370</b>	<b>18.006</b>	<b>.</b>	<b>-40.893</b>	<b>-61.787</b>
<b>Tekin lán, nettó</b>	<b>-16.801</b>	<b>-8.000</b>	<b>-8.801</b>	<b>.</b>	<b>13.000</b>	<b>-8.822</b>
Innlend lán, nettó	-12.415	...	...	.	...	30.602
Erlend lán, nettó	-4.386	...	...	.	...	-39.424
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-47.165</b>	<b>-56.370</b>	<b>9.205</b>	<b>.</b>	<b>-27.893</b>	<b>-70.609</b>
<b>Hlutfall af vergri landframleiðslu, %</b>						
Tekjur samtals	33,1	31,3	.	.	32,4	30,9
Gjöld samtals	33,2	32,4	.	.	32,6	33,1
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>0,0</b>	<b>-1,1</b>	<b>.</b>	<b>.</b>	<b>-0,2</b>	<b>-2,1</b>
<b>Frumjöfnuður</b>	<b>3,2</b>	<b>2,0</b>	<b>.</b>	<b>.</b>	<b>3,4</b>	<b>1,1</b>
<b>Lánsfjárfgangur/ lánsfjárför, nettó (+/-)</b>	<b>-1,7</b>	<b>-2,7</b>	<b>.</b>	<b>.</b>	<b>-2,3</b>	<b>-3,6</b>